

GJALDSKRÁ

fyrir móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

- A. Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.
- B. Almennitur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:
 - i. Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða.
 - ii. Úrgang frá bifreiðaviðgerðum o.fl.

Móttökugjöld fyrir einstaka farma:

Flokkur 1. Flokkað. Til endurvinnslu eða frekari meðhöndlunar.

A. Timbur

B. Járn/málmur

Allt að

| | | | |
|----------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------|
| 0, 25 (1/4) m ³ | 0,50 (1/2) m ³ | 0,75 (3/4) m ³ | 1 m ³ |
| 457 kr. | 908 kr. | 1.364 kr. | 1.815 kr. |

Flokkur 2. Óflokkað. Blandaður og grófur úrgangur.

A. Blandaður pressanlegur úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil.

B. Grófur úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega.

Allt að

| | | | |
|----------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------|
| 0, 25 (1/4) m ³ | 0,50 (1/2) m ³ | 0,75 (3/4) m ³ | 1 m ³ |
| 759 kr. | 1.513 kr. | 2.272 kr. | 3.025 kr. |

2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.

A. Pappír, dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír.

Eftirtaldar úrgangstegundir bera úrvinnslu- eða skilagjald og því þarf ekki að greiða gjald fyrir móttöku þeirra:

- A. Umbúðir úr sléttum pappa; fernur, morgunkornspakkar, umbúðir ýmiskonar án plasts.
- B. Filmuplast litað og/eða áprentað, án aðskotahluta.
- C. Bylgjupappi án aðskotahluta.
- D. Hjólbarðar.
- E. Spilliefni.*

* Móttaka spilliefna fer fram á móttöku og flokkunarstöð. Frá heimilum er tekið við spilliefnum t.d. hreinsiefnum, málningu, þynni, leysiefnum, rafhlöðum, stíflueyði, úðabrusum og viðhaldshlutum véla og bifreiða t.d. frostlegi, olíuefnum og rafgeymum. Frá fyrirtækjum er tekið við spilliefnum t.d. olíum, sýrum, prentlitum, klórmenguðu efni, tjöruleysi o.fl.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 10. desember 2009, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 215/2009.

Hvammstanga, 5. janúar 2010.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.